

Nd.

195. Tillaga

til þál. um lendingarbætur í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði á næsta ári allt að 2000 kr. til lendingarbóta í Flatey á Breiðafirði, samkvæmt þeim reglum, sem fjárlög setja um þesskonar fjárframlög.

Greinargerð.

Það er hin mesta nauðsyn, að bætt sé úr til muna um lendingarbætur í Flatey, en á síðasta fjárlagaþingi fékkst ekki við eina umr. í Nd. fram tillaga um hækkun þess fjár, sem veitt var til bryggjugerða og lendingarbóta í fjárlögum, vegna þess hvað seint hún var fram borin. Það er því óhjákvæmilegt að bera fram þáttill. í þessa átt nú, því málið þolir eigi bið.

Nánar í framsögu.